

AFKOMA FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNGS 2016

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Hagnaður bankans eftir skatta var 3,5 ma. kr. á fyrstu 3 mánuðum ársins 2016 samanborið við 5,4ma. kr. á sama tímabili 2015. Munurinn stafar einkum af hærri tekjum í óreglulega liðnum hrein virðisbreyting útlána og hærri fjármunatekna á fyrsta ársfjórðungi 2015.
- Arðsemi eigin fjár var 6,9% samanborið við 11,8% á sama tíma 2015.
- Hagnaður af reglulegri starfsemi nam 3,6 ma. kr. á fjórðungnum, samanborið við 4,4, ma. kr. á 1F15 og arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi miðað við 14% eiginfjárlutfall A var 10,1% samanborið við 15,0% á sama tímabili 2015.
- Hreinar vaxtatekjur voru 7,5 ma. kr. (3M15: 6,2 ma. kr.) sem er aukning um 22%. Vaxtamunur var 2,9% (3M15: 2,7%).
- Hreinar þóknunatekjur voru 3,1 ma. kr. (3M15: 2,9 ma. kr.) eða 8,3% aukning milli ára.; þar af var 2,6% aukning hjá móðurfélaginu.
- Kostnaðarlutfall var 58,3% (3M15: 55,3%). Bankaskattur og einskíptiskostnaður er undanskilinn við útreikning kostnaðarlutfalls.
- Útlán til viðskiptavina jukust um 1,7% eða í 677,1 ma. kr. á fyrsta ársfjórðungi. Aukningin dreifist vel á mismunandi útlánaeiningar bankans.
- Heildareignir voru 1.021 ma. kr. (des15: 1.046ma. kr.).
- Innlán frá viðskiptavinum minnkuðu um 8,2% milli ára og voru 544 ma. kr. í lok tímabilsins, sem var í takt við væntingar tengdum nauðasamningum slitabúa og greiðslu stöðugleikaframlaga.
- Bankinn gaf út eitt skuldabréf í erlendum gjaldmiðli á tímabilinu, eða 35 milljón dollara skuldabréf.
- Eiginfjárlutfallið er sterkt, var 29,7% (des15: 30,1%) og eiginfjárlutfall A (Tier 1) var 28,1% (des15: 28,3%).
- Lausafjárstaða bankans er sterk og er umfram kröfur eftirlitsaðila og innri viðmið. Við lok mars 2016 var LCR hlutfallið liquidity coverage ratio) 154% (des15: 143%) og heildar NSFR hlutfallið var 118% (Des15: 120%).
- Vogunarlutfall var 18,7% við lok tímabilsins samanborið við 18,1% við lok árs 2015, og telst hóflegt.
- Hlutfall lána með vanskil umfram 90 daga og virðisrýrnun var 2,1% (des15: 2,2%).
- Í janúar 2016 breytti S&P horfum lánsþæfismats bankans í jákvæðar og í apríl staðfesti Fitch lánsþæfismatið BBB-/F2 með stöðugum horfum. Íslandsbanki er eini íslenski bankinn með lánsþæfismat í fjárfestingarflokki frá tveimur lánsþæfismatsfyrirtækjum.

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka:


Árið fer vel af stað hjá Íslandsbanka og afkoma er í takt við væntingar stjórnenda. Við sjáum vöxt í bæði vaxtatekjum og þókn anatekjum. Frá árslokum 2015 hafa útlán bankans aukist um tvö prósent. Lausafjárstaða bankans er mjög sterk og bankinn því vel í stakk b úinn til að taka þátt í fjölbreyttum verkefnum. Grunnrekstur er áfram sterkur en vel hefur tekist til að einfalda og efla vöruframboð bankans. Launakostnaður hefur aukist, líkt og hjá öðrum fyrirtækjum, í kjölfar kjarasamninga og er í takt við launavísitölu.

Nýlega kynnti bankinn niðurfellingu á lántökugjöldum fyrstu kaupenda en þannig vill bankinn koma til móts við þann hóp sem fe r sífellt stækkandi. Um leið var kynnt netgreiðslumat þar sem hægt er að sækja um greiðslumat með rafrænni undirskrift. Þetta er hluti af stafrænni vegferð bankans þar sem við viljum reyna að einfalda húsnæðislánaferlið fyrir viðskiptavini og efla þjónustu okkar.


Í byrjun ársins gaf bankinn út 35 milljóna dollara skuldabréf á hagkvæmum kjörum. Útgáfan kom í kjölfar þess að horfur á láns þæfismat S&P voru færðar úr stöðugum í jákvæðar. Jafnframt hefur bankinn verið virkur í útgáfum á víxlum og sértryggðum skuldabréfum h ér heima.

Á haustmánuðum mun Íslandsbanki flytja höfuðstöðvar sínar í Norðurturninn í Kópavogi. Þar mun sameinast starfsemi sem nú er á fjórum stöðum. Það er því mikil hagræðing sem fylgir nýjum höfuðstöðvum sem verða nútímalegar og framsækna.


HAGNAÐUR EFTIR SKATTA
m.kr.



ARÐSEMI AF REGLULEGRI STARFSEMI M.V. 14% CET1



VAXTAMUNUR
%



NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA:

Fjárfestatengill – Tinna Molphy, ir@islandsbanki.is og í síma: 440 3187

Samskiptastjóri – Edda Hermannsdóttir, pr@islandsbanki.is og í síma: 844 4005

Rekstrarreikningur (m.kr.)	1Q16	1Q15	Δ	4F15	Δ	2015
Hreinar vaxtatekjur	7.539	6.191	1.348	7.003	536	28.010
Hreinar þóknatekjur	3.144	2.905	239	3.235	(91)	13.170
Hreinar fjármunatekjur	604	1.764	(1.160)	1.455	(852)	3.881
Hreinn gengismunur	12	(140)	152	(137)	149	(1.490)
Aðrar rekstrartekjur	151	289	(138)	403	(252)	1.102
Rekstrartekjur samtals	11.450	11.009	441	11.959	(509)	44.673
Stjórnunarkostnaður	(6.517)	(5.823)	(693)	(6.518)	1	(23.760)
Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta	(261)	(269)	8	(270)	10	(1.067)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	(691)	(618)	(73)	(818)	127	(2.878)
Rekstrargjöld samtals	(7.469)	(6.710)	(758)	(7.607)	138	(27.705)
Hagnaður fyrir virðisbreytingu útlána	3.982	4.299	(317)	4.352	(371)	16.968
Hrein virðisbreyting útlána	(320)	2.331	(2.651)	409	(729)	8.135
Hagnaður fyrir skatta	3.661	6.630	(2.969)	4.762	(1.101)	25.103
Tekjuskattur	(866)	(1.396)	530	(1.147)	281	(5.851)
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	2.794	5.234	(2.440)	3.615	(821)	19.252
Hagnaður af aflagðri starfsemi, að frádregnum tekjuskatti	715	162	552	274	441	1.326
Hagnaður tímabilsins	3.510	5.396	(1.886)	3.889	(379)	20.578

REKSTARREIKNINGUR

Stöðugur grunnrekstur

- Heildartekjur voru 11,5 ma. kr. á fyrsta ársfjórðungi 2016 sem er aukning um 4,3% frá fyrsta fjórðungi 2015. Hreinar vaxtatekjur voru 7,5 ma. kr. sem er aukning um 22% frá sama tímabili 2015, en það má að hluta rekja til herra vaxtastígs og herra eigin fjár. Vaxtamunur var 2,9% samanborið við 2,7% á fyrsta fjórðungi síðasta árs, en búast má við að hann verði áfram um 3% á komandi árum.
- Hreinar þóknatekjur hækkuðu um 8,3% milli ára og voru 3,1 ma. kr. á fyrsta fjórðungi 2016. Þar af komu 2,6% frá móðurfélaginu. Hækkunin má rekja til dótturfélaga og aukinna umsvifa viðskiptavina móðurfélagsins.
- Tekjur af grunnstarfsemi (hreinar vaxta- og þóknatekjur) eru 93% af heildar rekstrartekjum, sem er í samræmi við áherslu bankans á grunnrekstur og það markmið að skapa stöðugar tekjur til langs tíma.
- Hreinar fjármunatekjur voru 0,6 ma. kr. á fyrsta ársfjórðungi 2016, samanborið við 1,8 ma. kr. á sama tíma 2015. Tekjurnar er tilkomnar vegna hagnaðar af hlutfjáreign og miðlun verðbréfa. Munurinn milli ára er aðallega vegna gengishækkunar hlutfjáreignar sem var 1,4 ma. kr. minni en á fyrsta fjórðungi 2015.
- Aðrar rekstrartekjur, sem samanstanda af hagnaði af sölu fasteigna, leigutekjum, tekjum af þjónustusamningum og hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélagana námu 151 m.kr. á fjórðungnum, samanborið við 290 m.kr. á sama tíma 2015.


Kostnaðaraðhald

- Stjórnunarkostnaður (að undanskildum óreglulegum kostnaði) jókst um 587 m.kr. að nafnvirði milli ára. Laun og launatengd gjöld hækkuðu í 3,9 ma. kr., sem er 14% hækkun frá sama tíma í fyrra og má einkum rekja hækkunina til samningsbundinna launahækkana í lok árs 2015 og byrjun árs 2016. Skv. Hagstofu Íslands hefur launavísitalan hækkað um 13,35% á sama tímabili.
- Meðalfjöldi stöðugilda móðurfélagsins var 922 á fjórðungnum, sem er 1,4% fækkun frá fyrra ári, en 1.079 fyrir samstæðuna.
- Kostnaðarhlutfall tímabilsins var 58,3%, and undanskildum bankaskatti og einskíptiskostnaðar.
- Fjárfesting í rafrænum lausnum, eins og KASS, húsnæðislánareiknivél, rafrænum undirskriftum ásamt Sopra greiðslumiðlunarkerfinu koma til hækkunar á rekstrarkostnaði, en búast má við að fjárfestingin auki hagræði og skapi tekjur í framtíðinni.
- Sameina skal starfsemi bankans, sem nú er á 4 stöðum í borginni, í Norðurturninum í Kópavogi nú í haust. Eins er stefnt að frekari hagræðingu í útibúanetinu, þegar 3 útibú verða sameinuð á jarðhæð Norðurturnsins. Þessi sameining og flutningur kemur til með að valda auknum kostnaði á árinu 2016, en mun skapa aukið hagræði til framtíðar.


Virðisbreyting útlána

- Hrein virðisbreyting útlána er stærsta ástæðan fyrir mun á hagnaði milli ára. Tap að fjárhæð 0,3 ma. kr. var á fyrsta ársfjórðungi 2016, samanborið við 2,3 ma. kr. hagnað á sama tíma 2015.
- Frá 2008 hefur hrein virðisbreyting útlána verið stór liður vegna aukins virði lána sem voru tekin yfir á afslætti. Þar sem endurskipulagninu lánabókarinnar er nú lokið munu ekki áhrif virðisbreytinga útlána ekki vera teljandi á komandi misserum.


HREINAR VAXTATEKJUR m.kr.



HREINAR ÞÓKNANATEKJUR m.kr.



STJÓRNUNARKOSTNAÐUR m.kr.



Skattar og gjöld hækká tímabundið

- Tekjuskattur tímabilsins var 0,9 ma. kr. samanborið við 1,4 ma. kr. á sama tíma í fyrra. Virkur tekjuskattur var 23,7% saman borið við 21,1% á fyrsta fjórðungi 2015. Bankaskatturinn var 0,7 ma. kr., sem er aukning um 12% frá sama tíma 2015. Búist er við að bankaskatturinn verði lagður af í lok ársins.
- Íslandsbanki greiðir sérstakan 6% fjársýsluskatt á hagnað umfram 1 ma. kr. Einnig greiðir hann framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda, til FME og umboðsmanns skuldara. Heildarskattar og gjöld námu 2,1 ma. kr. á fjórðungnum, samanborið við 2,5 ma. kr. á sama tíma 2015.

Hagnaður fjórðungsins

- Hagnaður af aflagðri starfsemi eftir skatta var 0,7 ma. kr., samanborið við 0,2 ma. kr. á sama tíma 2015, og samanstandur aðallega af tekjum af fullnustueignum.
- Hagnaður eftir skatta var 3,5 ma. kr., samanborið við 5,4 ma. kr. á sama tíma 2015, sem samsvarar 6,9% arðsemi eigin fjár. Muninn má skýra með óreglulega liðnum hrein virðisbreyting útlána sem lækkaði um 2,6 ma. kr. Þetta ásamt fyrrnefndri lækkun á gangvirði hlutabréfa og hærri kostnaðar vegna fjárfestingar í rafrænum lausnum og samningsbundinna launahækkana veldur lækkun hagnaðar milli ára.
- Hagnaður af reglulegri starfsemi var 3,5 ma. kr., samanborið við 4,4 ma. kr. á 1F15. Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfs emi, miðað við 14% CET1, var 10,1% á fjórðungnum, samanborið við 15,0% á 1F15, sem er í takt við væntingar.

Eignir (m.kr.)	31.03.2016	31.12.2015	Δ
Handbært fé og innstæður hjá Sí	182.453	216.760	(34.307)
Skuldabréf og skuldageringar	79.873	78.606	1.267
Hlutabréf og eiginfjárgerningar	18.664	18.320	344
Afleiðusamningar	2.759	1.981	778
Útlán til lánastofnana	27.811	35.534	(7.722)
Útlán til viðskiptavina	677.079	665.711	11.368
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum	1.009	716	292
Rekstrarfjármunir	7.289	7.344	(55)
Óefnislegar eignir	1.471	1.331	140
Aðrar eignir	11.177	6.674	4.503
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	11.190	12.792	(1.602)
Eignir	1.020.775	1.045.769	(24.993)

EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir - byggt á sterkum grunni

- Efnahagsreikningur bankans drógst saman um 2,4% frá árslokum 2015 og var 1,020,8 ma. kr. við lok mars 2016. Lækkunina má má einkum rekja til lægri innlána og handbæru fé sem er aðallega tilkomin vegna færslu fjármuna i tengslum við stöðugleikaframlag Glitnis og lægri innstæðna hjá Seðlabanka Íslands.
- Útlán til viðskiptavina jukust um 1,7% eða 11,4 ma. kr. á fjórðungnum. Eftirspurn eftir nýjum lánum var aðallega frá fyrirtækjum en í minna mæli frá einstaklingum. Ný útlán námu 34,4 ma. kr. á fjórðungnum, samanborið við 31,5 ma. kr. á sama tímabili 2015, sem er hækkun um 10% á milli ára.

Eignir (frh.)

- Gæði útlána halda áfram að aukast, eins og sjá má á lækkandi hlutfalli erfiðleikalána. Hlutfall lána sem eru annað hvort í vanskilum umfram 90 daga, eða hafa undirgengist virðisrýrnun var 2,1% við lok tímabilsins, sem er lækkun úr 2,2% frá árslokum 2015. Þetta þýðir að Íslandsbanki er vel innan þess fjórðungs evrópskra banka sem eru með mestu gæði útlána samkvæmt mælingu European Systemic Risk Board. Nánari umfjöllun um útlánasafnið og útlánaáhættu er að finna í áhættuskýrslu bankans 2015 (Pillar 3 Report).
- Fasteignir eru áfram stærsti hluti trygginga bankans. Vegið meðaltal hlutfalls lána af virði (LTV) eigna í safni húsnæðislána var 69,4% við lok fjórðungsins, samanborið við 69,2% við árslok 2015.
- Veðsetningarhlutfall bankans var 11,2% við lok mars, samanborið við 10,4% við lok árs 2015.

Skuldir og eigið fé (m.kr.)	31.03.2016	31.12.2015	Δ
Innlán SÍ og lánastofnana	28.338	25.631	2.707
Innlán viðskiptavina	544.430	593.245	(48.815)
Afleiðusamningar og skortstöður	4.902	6.981	(2.079)
Lántaka	161.802	150.308	11.495
Víkjandi lán	19.415	19.517	(102)
Skattskuldir	8.963	8.358	605
Aðrar skuldir	44.170	36.677	7.494
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	3.128	2.825	303
Eigið fé	205.627	202.227	3.401
Skuldir og eigið fé	1.020.775	1.045.769	(24.993)


Skuldir – innlán enn stærsti fjármögnunarliðurinn

- Heildarskuldir voru 815,1 ma. kr. sem er lækkun um 3,4% frá árslokum.
- Bankinn viðhélt sterkri lausafjárstöðu yfir árið og eru lausafjárhlutföll vel umfram kröfur eftirlitsaðila og innri viðmið. Við lok mars var lausafjárhlutfall bankans (LCR) 154% fyrir samstæðuna (des15: 143%). FX NSFR var 157% (des15: 141%) og heildar NSFR var 118% (des15: 120%) fyrir samstæðuna í lok mars 2016.
- Innlán viðskiptavina drógu saman um 8,2% milli fjórðunga, eða í 544,4 ma. kr. Innlán eru ennþá stærsti fjármögnunarliður bankans og fylgst er vel með samþjöppunaráhættu. Lækkunin er aðallega tilkomin vegna færslu fjármuna í tengslum við stöðugleikaframlag Glitnis. Samhliða lækkaði hlutfall innlána viðskiptavina á móti útlánum til viðskiptavina í 80%, samanborið við 89% í árslok 2015.
- Útgáfa skuldabréfa bankans hélt áfram á fjórðungnum, einkum útgáfa bréfa í erlendri mynt og sértryggðra skuldabréfa á innlendum markaði. Útgáfunum er ætlað að draga úr áhættu með því að auka fjölbreytni fjármögnunar. Bankinn gaf út 5,7 ma. kr. í sértryggðum skuldabréfum á fyrsta fjórðungi árinu, en alls hefur verið gefið út fyrir 61.85 ma. kr. Bankinn gaf einnig út ótryggð skammtíma bréf (til 1-6 mánaða) yfir fjórðunginn. Útstandandi skammtíma bréf í árslok 2015 voru rétt rúmlega 11 ma. kr. Í janúar gaf bankinn út 35 milljón dollara skuldabréf með fjótandi vöxtum á 170 punkta álagi ofan á 3 mánaða USD libor.
- Bankinn hefur gefið út víkjandi lán í evrum, nú að fjárhæð 19,4 ma. kr., sem er á gjalddaga 2019. Aðeins 75% af upphæðinni telur inn í eiginfjárgrunninn.


Eigið fé

- Heildar eigið fé bankans var 205,6 ma. kr. í lok mars, samanborið við 202,2 ma. kr. við árslok 2015. Þar af er hlutdeild minnihluta 4,0 ma. kr. Nafnvirði hlutabréfa bankans var 10 ma. kr. við lok tímabilsins og greitt hlutafé var 65 ma. kr.
- Við lok mars 2015 var eiginfjárhlutfall bankans 29,7% samanborið við 30,1% við lok árs, sem er vel umfram markmið bankans sem er >23% til skamms- og meðallangs tíma. Eiginfjárhlutfall A (CET1) var 28,1%, samanborið við 28,3% við árslok 2015. Íslandsbanki notar staðalaðferð til að meta áhættuvegnar eignir, sem numu 716,6 ma. kr. við lok tímabilsins, eða 70% af heildareignum, sem er lítilsháttar aukning milli fjórðunga. Vogunarhlutfall var 18,7% samanborið við 18,1% við árslok, sem sýnir hóflega skuldsetningu.
- Samhliða auknum eiginfjárkröfum er gert ráð fyrir að CET1 markmið til meðallangs og lengri tíma litið fari hækkandi. Markmið bankans verður ákveðið á næstu 12-18 mánuðum samhliða því að skýrari mynd fæst á afléttingu hafta og lögbundnar kvaðir á eiginfjárgrunn. Líklegt má þó telja að langtíma markmið fyrir CET1 verði á bilinu 14-16%.
- Eiginfjárbörf Íslandsbanka er 19,9% sé tekið tillit til innleiðingar lögbundinna eiginfjárauka að fullu. Miðað við núverandi áhættusnið, er samsetning 19,9% eiginfjárparfar háð ákveðnum forsendum, sjá nánar í Pillar 3 áhættuskýrslu bankans.

LEVERAGE RATIO %




EIGINFJÁRHUTFÖLL %



RWA/ASSETS

% (án bankaskatts og einskiptiskostnaðar)



Eigið fé (frh.)

- Aðalfundur 19. apríl samþykkti að 10 ma. kr. arðgreiðsla (rétt undir 50% af hagnaði ársins 2015) yrði greiddur út til hluthafa, en að öðru leyti myndi hagnaður leggjast við eigið fé bankans (arðgreiðsla fór fram 27. apríl 2016). Stjórn bankans var einnig fengin heimild til að kalla til sérstaks hluthafafundar síðar á árinu þar sem tillaga um greiðslu arðs af hagnaði fyrri rekstrarára kann að vera lögð fram.

Jöfnuðir

- Bankinn ber áhættu vegna verðbólgu, þar sem virði verðtryggðra eigna er meira en virði verðtryggðra skulda. Í lok mars var munurinn á samstæðugrunni 43,8 ma. kr. (20,5% af eigin fé), samanborið við 46,8 ma. kr. við árslok 2015 (22,2% af eigin fé). Jöfnuðinum er stýrt með skiptasamningum, útgáfu verðtryggðra sértryggðra skuldabréfa og verðtryggðum innlánsreikningum.
- Gjalddeyrisjöfnuður samstæðunnar var 9,0 ma. kr. (4,2% af eigin fé) í lok mars, samanborið við 4,3 ma. kr. (2,0% af eigin fé) við árslok. Fylgst er vel með jöfnuðum bankans og eru þeir innan viðmiða laga.

Lánshæfismat

- Íslandsbanki er eini íslenski bankinn með lánshæfismat frá tveimur alþjóðlegum fyrirtækjum, Fitch og Standard & Poor's (S&P). Í janúar 2016 hækkaði S&P mat ríkisins í BBB+ með vísan til framgangs áætlunar um afnám gjalddeyrihafta og minnkandi skuldastöðu. Skömmu síðar var lánshæfismat Íslandsbanka staðfest sem BBB-/A-3 með jákvæðum horfum. Í apríl staðfesti Fitch Ratings svo lánshæfismat bankans í fjárfestingaflokki, BBB-/F3 með stöðugum horfum.

FJÁRFESTATENGLS

Símafundur með fjárfestum

Boðið verður upp á símafund kl. 13.00 á ensku þann 11. maí 2016. Farið verður yfir helstu atriði í íslenskum efnahagsmálum og afkomu bankans. Vinsamlegast skráið ykkur á símafundinn með að senda póst á ir@islandsbanki.is. Fundargögn og aðgangsorð vegna símafundar verða send út til skráðra aðila 2 tímum fyrir fundinn.

Öll gögn má nálgast á vef fjárfestatengsla www.islandsbanki.is/fjarfestatengsl.

Fjárhagsdagatal

Stefnt er að birtingu árshluta- og ársuppgjörs fyrir árið 2016 á neðangreindum dagsetningum, en þær eru birtar með fyrirvara um breytingar:

- 2F16 – 22. ágúst 2016
- 3F16 – 8. nóvember 2016
- 4F16 – 21. febrúar 2017

Upplýsingar um fjárhagsdagatal bankans og þöglul tímabil má finna á vef fjárfestatengsla <http://www.islandsbanki.is/um-islandsbanka/fjarfestatengsl/fjarhagsdagatal/>